

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4055/86**frá 22. desember 1986****um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og landa utan bandalagsins**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af reglugerðardrögum sem framkvæmdastjórnin lagði fram,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 3. grein sáttmálans er svo mælt fyrir um að afnám hafta á þjónustustarfsemi á milli aðildarríkja sé eitt af viðfangsefnum bandalagsins.

Samkvæmt 61. gr. sáttmálans á frjáls þjónustustarfsemi á sviði flutninga á sjó að lúta ákvæðum þess bálks sem fjallar um flutninga.

Beiting þessarar meginreglu innan bandalagsins er einnig óhjákvæmileg ef fylgja á þeirri stefnu gagnvart löndum utan bandalagsins að gætt sé þess að sjóflutningar lúti áfram lögmálum viðskiptalífsins.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 954/79 ⁽³⁾ tryggir meðal annars aðgang að þeim hluta vöruflutninga á sjó, sem falla utan við skuldbindingar við innlend skipafélög í löndum utan bandalagsins samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um starfsreglur fyrir samsiglingakerfi, þegar aðildarríkin fullgilda hann.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 255, 13. 10. 1986, bls. 169.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 172, 2. 7. 1984, bls. 178.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 121, 17. 5. 1979, bls. 1.

Með hliðsjón af því að aðildarríkin hafa ekki enn þá öll fullgilt starfsreglurnar, og að ólíklegt má telja að tiltekin ríki utan bandalagsins muni gera það, gilda reglurnar ekki enn á öllum siglingaleiðum bandalagsins né eru líkur til að þær gildi í framtíðinni á sumum þessara siglingaleiða.

Starfsreglurnar gilda aðeins um samsiglingakerfi og þann farm sem aðilar að þeim flytja en ekki um sjálfstæð skipafélög eða flutningafyrirtæki sem annast búlkaflutninga eða leiguflutninga þar sem bandalagið hyggst viðhalda sanngjarnri og frjálsri samkeppni.

Bandalagið styður heilshugar ályktun nr. 2 sem samþykkt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um starfsreglur fyrir samsiglingakerfi þar sem segir að til þess að stuðla að viðgangi áætlanakaupsiglinga skuli ekki hindra siglingar flutningaskipa utan samsiglingakerfa, að því tilskildu að sú starfsemi fylgi meginreglunni um frjálsa samkeppni í viðskiptalífnum.

Aðildarríkin ítreka þá afstöðu sína að frjáls samkeppni sé ómissandi þáttur í búlkaflutningum með þurravöru og vökva og eru þess fullviss að farmskipti í þessum siglingum muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir viðskiptahagsmunum allra landa og valda verulegri hækkun á flutningskostnaði.

Skipafélög í bandalagslöndunum standa æftar frammi fyrir nýjum takmörkunum sem lönd utan bandalagsins setja á þjónustustarfsemi í flutningum á sjó fyrir farmflytjendur sem staðfestu hafa í heimalandi þeirra, í öðrum bandalagsríkjum eða í hlutaðeigandi landi utan bandalagsins og kann slíkt að skaða kaupsiglingar í bandalaginu í heild.

Sumar ofangreindra takmarkana eru fólgnar í tvíhliða samningum milli landa utan bandalagsins og sumra aðildarríkja og enn aðrar koma fram í hliðstæðum ákvæðum í löggjöf eða stjórnsýsluháttum sumra aðildarríkja.

Því ber að beita meginreglunni um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og landa utan bandalagsins svo að núverandi takmarkanir verði

smám saman afnumdar og komið verði í veg fyrir nýjar.

Skipulag kaupskipaútgærðar í bandalaginu er með þeim hætti að það er við hæfi að ákvæði þessarar reglugerðar gildi einnig um ríkisborgara aðildarríkja sem staðfestu hafa utan bandalagsins, og skipafélög sem staðfestu hafa utan bandalagsins en lúta stjórn ríkisborgara aðildarríkis, ef skip þeirra eru skráð í því aðildarríki í samræmi við löggjöf þess.

Kveðið skal á um sanngjarnan aðlögunartíma með hliðsjón af því hvers eðlis hlutaðeigandi flutningur er.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Þjónustustarfsemi í flutningum á sjó milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og landa utan bandalagsins skal vera frjáls gagnvart ríkisborgurum aðildarríkja sem staðfestu hafa í öðru aðildarríki en sá aðili sem þjónustunnar nýtur.

2. Ákvæði reglugerðar þessarar skulu einnig gilda um ríkisborgara aðildarríkja er staðfestu hafa utan bandalagsins, og skipafélög sem staðfestu hafa utan bandalagsins en lúta stjórn ríkisborgara aðildarríkis, ef skip þeirra eru skráð í því aðildarríki í samræmi við löggjöf þess.

3. Ákvæði 55. - 58. gr. og 62. gr. sáttmálans skulu gilda um þau málefni sem reglugerðin nær til.

4. Að því er þessa reglugerð varðar skal eftirfarandi teljast „flutningaþjónusta á sjó milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og landa utan bandalagsins“, ef hún er veitt að staðaldri gegn gjaldi:

a) flutningaþjónusta innan bandalagsins:

flutningar farþega eða varnings á sjó frá höfn í aðildarríki til hafnar eða viðleguadstöðu í öðru aðildarríki;

b) ferðir til landa utan bandalagsins:

flutningar farþega eða varnings á sjó frá höfn í aðildarríki til hafnar eða viðleguadstöðu í landi utan bandalagsins.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., skulu einhliða takmarkanir, sem í gildi voru í einstökum löndum fyrir 1. júlí 1986 um flutninga tiltekens varnings sem fóru að hluta eða í heild fram með innlendum skipum, smám saman afnumdar og í síðasta lagi

í samræmi við eftirfarandi áætlun:

— flutningar milli aðildarríkja með skipi skráðu í aðildarríki: 31. desember 1989

— flutningar milli aðildarríkja og landa utan bandalagsins með skipi skráðu í aðildarríki: 31. desember 1991

— flutningar milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og landa utan bandalagsins með öðrum skipum: 1. janúar 1993

3. gr.

Samningar um farmskiptingu, sem gerðir hafa verið með tvíhliða samningum milli aðildarríkja og landa utan bandalagsins, skulu afnumdir eða þeim breytt í samræmi við ákvæði 4. gr.

4. gr.

1. Núgildandi samningum um farmskipti sem ekki verða afnumdir samkvæmt 3. gr. skal breytt í samræmi við löggjöf bandalagsins, einkum:

a) þegar um er að ræða kaupsiglingar sem lúta starfsreglum Sameinuðu þjóðanna um samsiglingakerfi, skulu þær vera í samræmi við þessar reglur og skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 954/79;

b) þegar um er að ræða kaupsiglingar sem ekki lúta starfsreglum Sameinuðu þjóðanna um samsiglingakerfi, skal breyta samningum svo skjótt sem verða má og eigi síðar en fyrir 1. janúar 1993 þannig að kveðið sé á um sanngjarnan og frjálsan aðgang og án mismununar fyrir alla ríkisborgara bandalagsins, svo sem skilgreint er í 1. gr., að því farmmagni sem hlutaðeigandi aðildarríki ber.

2. Aðgerðir einstakra ríkja samkvæmt 1. mgr. skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni. Farið skal eftir þeirri málsmeðferð sem komið var á með ákvörðun ráðsins 77/587/EBE.

3. Aðildarríkin skulu greina framkvæmdastjórninni frá breytingum í þá átt sem um getur í b-lið 1. mgr., á sex mánaða fresti fyrst í stað og árlega eftir það.

4. Komi upp örðugleikar við að breyta samningum svo þeir verði í samræmi við b-lið 1. mgr. skal hlutaðeigandi aðildarríki greina ráðinu og framkvæmdastjórninni frá því. Séu samningar ekki samrýmanlegir b-lið 1. mgr. og fari hlutaðeigandi aðildarríki þess á leit skal ráðið, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, gera viðeigandi ráðstafanir.

5. gr.

1. Bannað er að gera samkomulag um farmskipti í væntanlegum samningum við lönd utan bandalagsins nema í þeim undantekningartilvikum þar sem skipafélög í bandalagslöndunum fengju ekki að öðrum kosti tækifæri til að stunda áætlunarsiglingar til og frá hlutaðeigandi löndum utan bandalagsins. Þegar þannig háttar til er heimilt að gera slíkt samkomulag í samræmi við ákvæði 6. gr.

2. Í tilvikum þar sem land utan bandalagsins sækist eftir að koma á skipulögðum farmskiptum gagnvart aðildarríki í búlkaflutningum með þurravöru eða vökva skal ráðið gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 4058/86 um samræmdar aðgerðir til að tryggja frjálsa keppni um farm í úthafsflutningum ⁽¹⁾.

6. gr.

1. Ef ríkisborgarar eða skipafélög í aðildarríki, svo sem skilgreint er í 1. og 2. mgr. 1. gr., standa frammi fyrir eða vænta þess að standa frammi fyrir því að fá ekki tækifæri til að stunda áætlunarsiglingar til eða frá tilteknu landi utan bandalagsins, skal hlutaðeigandi aðildarríki við fyrsta tækifæri tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

2. Ráðið skal, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákveða nauðsynlegar aðgerðir með auknum meirihluta. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. 5. gr. geta þær aðgerðir falist í að rætt verði um og samþykkt samkomulag um farmskipti.

3. Hafi ráðið ekki tekið ákvörðun um nauðsynlegar aðgerðir innan sex mánaða frá því að aðildarríki sendi upplýsingar samkvæmt 1. mgr. er aðildarríkinu heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til bráðabirgða til að geta áfram stundað áætlunarsiglingar í samræmi við 1. mgr. 5. gr.

4. Aðgerðir sem gripið er til samkvæmt 3. mgr. skulu vera í samræmi við lög bandalagsins og gefa öllum ríkisborgurum og skipafélögum í bandalaginu svo sem skilgreint er í 1. og 2. mgr. 1. gr., frjálstan og sanngjarnan rétt til að taka þátt í farmskiptunum.

Hún er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekar lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 1986.

5. Tilkynna skal strax til aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um aðgerðir eins ríkis samkvæmt 3. mgr. Farið skal eftir þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 77/587/EBE.

7. gr.

Í samræmi við skilmálana sem mælt er fyrir um í sáttmálunum er ráðinu heimilt að láta ákvæði reglugerðar þessarar ná til ríkisborgara frá landi utan bandalagsins sem stunda flutninga á sjó og staðfestu hafa í bandalaginu.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði sáttmálans um staðfesturétt getur sá aðili, sem stundar flutninga á sjó, stundað þá starfsemi um tíma í aðildarríki því sem þjónað er, með sömu skilmálum og gilda um innlenda ríkisborgara.

9. gr.

Meðan takmarkanir á þjónustustarfsemi hafa ekki verið afnumdar skulu aðildarríkin beita þeim án mismununar hvað varðar ríkisfang eða búsetu gagnvart öllum þeim sem stunda þjónustustarfsemi í skilningi 1. og 2. mgr. 1. gr.

10. gr.

Áður en aðildarríkin samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli um framkvæmd þessarar reglugerðar skulu þau hafa samráð við framkvæmdastjórnina þar um og tilkynna henni um öll ákvæði sem samþykkt eru í þessu skyni.

11. gr.

Ráðið skal endurskoða reglugerð þessa fyrir 1. janúar 1995 í samræmi við ákvæði þau sem mælt er fyrir um í sáttmálunum.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Fyrir hönd ráðsins,

G. SHAW

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 378, 31. 12. 1986, bls. 21.